

Fundargerð

Aukaaðalfundur Bergrisans bs haldinn mánudaginn 18. júní 2018 kl. 14 í Ráðhúsi Árborgar, 3. hæð.

Mætt:

María Kristjánsdóttir	Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíl
Ásgeir Magnússon	Mýrdalshreppi
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði
Ingibjörg Harðardóttir	Grímsnes- og Grafningshreppi
Ása Valdís Árnadóttir	Grímsnes- og Grafningshreppi
Sigfríð Lárusdóttir	Hrunamannahreppur
Ásta Begga Ólafsdóttir	Ásahreppur
Brynja J. Jónsdóttir	Ásahreppur
Helgi Sig. Haraldsson	Sveitarfélagið Árborg
Eggert Valur Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Christiane Bahner	Rangárþing Eystra
Elín Fríða Sigurðardóttir	Rangárþing Eystra
Ragnheiður Högnadóttir	Mýrdalshreppur
Elsa Jóna Stefánsdóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Brynhildur Jónsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Valgerður Sævarsdóttir	Bláskógabyggð
Sandra Brá Jóhannsdóttir	Skaftárhreppur
Halldór Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Kolbrún Haraldsdóttir	Hrunamannahreppur
Eydís Þ. Indriðadóttir	Flóahreppur
Sigurður Ingi Sigurðsson	Flóahreppur
Kristófer Tómasson	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Sigurjón Vídalín	Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Eyþór H. Ólafsson	Hveragerði
Garðar R. Árnason	Hveragerði
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir	Hveragerði
Ari B. Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Friðrik Sigurbjörnsson	Hveragerði
Ásta Stefánsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Ingibjörg Garðarsdóttir	Sveitarfélagið Árborg

Dagskrá:

1. Setning.

Formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Lagt var til að Rósa Sif Jónsdóttir og Ásta Stefánsdóttir rituðu fundargerð og Ásgeir Magnússon stýrði fundi. Var það samþykkt samhljóða.

3. Ársskýrsla 2017.

María Kristjánsdóttir, formaður þjónusturáðs kynnti skýrsluna og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

4. Ársreikningur 2017.

Ingibjörg Garðarsdóttir kynnti niðurstöðu ársreiknings Bergrisans og heildar uppgjör fyrir þjónustusvæðið og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Fundarstjóri bar ársskýrslu og ársregikning undir atkvæði og voru þau samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir 30. til 33. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Formaður kynnti fundargerðir síðustu stjórnarfunda.

6. Bygging sjö íbúða þjónustukjarna fyrir fatlaða.

Formaður kynnti málið. Fyrir liggur samþykki Íbúðalánasjóðs fyrir stofnframlögum vegna byggingar íbúðakjarna fyrir sjö einstaklinga. Gert er ráð fyrir að á haustfundi Bergrisans verði lögð fram tillaga um lántökur vegna fjármögnunar verkefnisins. Rætt var um rekstrarkostnað og mótframlög Jöfnunarsjóðs. Stofnvirði er áætlað um 233 mkr, framlag ÍLS er um 38,3 mkr og unnt er að sækja um viðbótarframlag til fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þroskahjálpi á Suðurlandi hefur áður lýst yfir vilja til að leggja fjármagn til verkefnisins.

Tillaga stjórnar Bergrisans bs. frá 33. fundi þar sem lagt er til að ráðist verði í byggingu sjö íbúða þjónustukjarna á Selfossi, sem Íbúðalánasjóður hefur samþykkt að veita stofnframlög fyrir, var borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt samhljóða og jafnframt að hún yrði lögð fyrir sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna á þjónustusvæðinu.

7. Skipan byggingarnefndar vegna byggingar þjónustukjarna.

Samþykkt var að eftirtaldir skipi byggingarnefndina:

Bæjarstjóri Árborgar

Anton Kári Halldórsson

Gestur Kristjánsson

Halla Steinunn Hinriksdóttir

Steinunn Jónsdóttir

Nefndin mun kalla til sín notendaráð og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

8. Úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda.

María Kristjánsdóttir kynnti tillögu stjórnar frá 33. fundi þar sem lagt er til að keypt verði húsnæði fyrir nýtt úrræði fyrir tvö börn sem eiga við fjölþættan vanda að stríða. Rætt var um rekstrarkostnað, mótframlög Jöfnunarsjóðs og stofnkostnað. Í dag kaupir Bergrisinn þjónustu fyrir eitt barn í Vinakoti í Hafnarfirði og kostar um það 87 mkr miðað við 12 mánuði. tvö börn eru í brýnni þörf fyrir þjónustuna og tvö önnur koma líklega til með að þurfa á úrræðinu að halda seinna meir.

Lagt er upp með að keypt verði íbúðarhús á Selfossi fyrir um 50 mkr. Áætlað er að launakostnaður vegna starfsmanna sem annast þjónustuna verði 43,2 mkr, en að með kostnaði við fæði, hreinlætisvörur og þess háttar verði rekstrarkostnaður um 50 mkr á ári. Jöfnunarsjóður mun greiða stóran hluta rekstrarkostnaðar. Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða og jafnframt að hún yrði lögð fyrir sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna á þjónustusvæðinu.

9. Kosning stjórnar (þrír aðalmenn og þrír til vara, einn af hverju félagsþjónustusvæði).

Samþykkt var að stjórnina skipi:

Aðalmaður:

Bæjarstjórinn í Árborg

Aldís Hafsteinsdóttir

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Til vara:

Eggert Valur Guðmundsson

Eydís Þ. Indriðadóttir

Ásta Begga Ólafsdóttir

Fundi slitið kl. 15:30.